

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 30. júní 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 30. júní 1977:

Spæringsmjöl, .....	\$ 7.00 á próteiningu í lest.
Kolmunnamjöl, .....	\$ 7.00 á próteiningu í lest.

Verðbil verður 15% og miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 192.30.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1977.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

13. júní 1977.

Nr. 248.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1977:

**6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel garndreginn.**

7—9 kr.	1 344.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
9—12 —	1 275.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	1 214.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—18 —	1 058.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
18—24 —	945.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
24—30 —	867.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
30—45 —	578.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.

**6×3 kg. og 5×6 lbs. í skel með görn.**

7—12 kr.	954.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	867.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—30 —	694.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
30—45 —	520.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.